

91

20. júlí

89. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafist af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júlí 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

92

21. júlí

AUGLÝSING

um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

Samkvæmt lögum nr. 10 1. febrúar 1936, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum, verða þeir, sem óska að selja eða flytja til útlanda sildarlýsi, þorskalýsi, sildarmjöl, fiskimjöl, beinamjöl, gærur, skinn eða ull, að fá til þess leyfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Enn fremur verða þeir, sem óska að selja eða flytja til útlanda hrogn, harðfisk eða lax, að fá til þess leyfi fiskimálanefndar.

Umsóknunum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana.

Útflutningur án leyfis samkvæmt framansögðu varðar sektum samkvæmt lögum.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júlí 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

93

26. júlí

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Einars Helgasonar, garðræktarstjóra, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 26. júlí 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Einars Helgasonar, garðræktarstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Einars Helgasonar, garðræktarstjóra.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjöfum frá einstökum mönnum og stofnunum til minningar um mikil og vel unnin störf Einars Helgasonar, garðræktarstjóra, í þágu garðræktarinnar í landinu.

3. gr.

93

Tekjur sjóðsins eru vextir hans, gjafir og áheiti, er honum kann að hlotnast.

26. júlí

4. gr.

Sjóðurinn er ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands eða á öðrum jafntryggum stað. Vextir leggjast við höfuðstól, þar til innstæðufé hans nemur krónum 10000.00. Fé má þá veita úr sjóðnum samkvæmt 6. og 7. gr., sem nemur árlega helming ársvaxta sjóðsins, en hinn helmingur vaxtanna leggist við höfuðstólinn. Höfuðstólsinnstæðu sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita þeim verðlaun, er komið hafa upp heimilisgarðrækt, svo til fyrirmyndar sé.

6. gr.

Við veitingu verðlauna úr sjóðnum koma þessi skilyrði til greina:

1. Að hlutaðeigandi hafi komið upp blóma- og trjágarði við heimili sitt, er til fyrirmyndar sé hvað viðvikur vali á gróðri, verndun hans og umhirðu allri.
2. Að hlutaðeigandi hafi skarað fram úr um fjölbreytilega ræktun og hagnýtingu matjurta til heimilisnotkunar.
3. Hver sá, er óskar að njóta verðlauna úr sjóðnum, skal sækja um það skriflega. Skal fylgja beiðninni uppdráttur og lýsing af heimilisgörðunum, ásamt meðmælum frá meirihluta hreppsnefndar í viðkomandi hreppi, um að verðlaunin verði veitt, og þess sé ætíð gætt við úthlutun verðlauna, að fátækari maður sitji fyrir hinum ríkari að öðru jöfnu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sjálfkjörinn er í stjórnina formaður Búnaðarsambands Kjalarnesþings. Einn stjórnarnefndarmaður sé kosinn á aðalfundi sambandsins, en þriðji sé ættmenni Einars Helgasonar, tilnefndur af ekkju hans meðan hún lifir, en síðan af niðjum þeirra hjóna, að ekkju hans látinni.

8. gr.

Stjórnarnefnd annast veitingar verðlauna úr sjóðnum og hefir umsjón með honum að öllu leyti. Hún skal halda gerðabók, sem hún ritar í veitingar verðlauna og aðrar framkvæmdir í þágu sjóðsins. Stjórnin vinnur kauplaust.

9. gr.

Árlega skulu gerðir, af stjórn sjóðsins, jafnaðarreikningar hans, og er reikningsár hans almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarsambands Kjalarnesþings.

10. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa í byrjun hvers árs hve mörg verðlaun verði veitt það ár og hve há þau eru. Komi engin beiðni um verðlaun fram innan árs, leggst sú upphæð, sem úthluta bar, við innstæðu sjóðsins.

11. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 22. júní 1938.

Kristín Guðmundsdóttir.